



## Ársskýrsla 2006

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins á árinu 2006 var með sama sniði og undanfarin ár. Það háir þó starfsemi safnsins að starfshlutfall á safninu er einungis eitt 50% starf, sem er of lítið fyrir sveitarfélag af þessari stærð.

**Opnunartími:** Safnið var opið þrjá daga í viku, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 11.00-17.00, eins og undanfarin ár.

**Starfslið:** Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður er í 50% starfi. Frá miðju ári var Guðbjörg Sigurþórsdóttir í 50% starfi við sérverkefni (Sigmundssafnið).

**Fyrirspurnir:** Skráðar voru 55 (64) fyrirspurnir eða erindi. Gestir á lesstofu voru 60 (38).

**Aðföng:** Aðföng til safnsins á árinu voru um 350 (220) móttekin og skráð skjalanúmer frá bæjarskrifstofu, einstaklingum og félögum. Safninu bárust góðar gjafir á árinu og ber að þakka gefendum fyrir þær.

**Aðföng ársins 2006:**

Úr fórum Hreggviðs Jónssonar frá Hlíð  
Úr fórum Sigurgeirs Jónassonar frá Skuld  
Úr fórum Helga Benónýssonar, Vesturhúsum  
Frá Bókasafni Vestmannaeyja  
Frá Bæjarútgerð Vestmannaeyja  
Frá Verkstjórafélagi Vestmannaeyja  
Frá Vestmannaeyjabæ  
Úr fórum Ólafs M. Aðalsteinssonar  
Frá Byggðasafni Vestmannaeyja  
Frá Landmælingum Íslands  
Úr fórum Kristínar Helgadóttur og Haraldar Sigurðss.  
Frá Sundfélagi Vestmannaeyja  
Úr fórum Helga Magnússonar frá Vesturhúsum  
Frá Ernst Kettler og Ágústu Ólafsdóttur Kettler  
Úr fórum Tómasar Hreggviðssonar  
Úr fórum Guðbjargar Sigurþórsdóttur  
Úr fórum Alfreðs H. Hjartarsonar  
Úr fórum Sveinbjarnar Friðfinnssonar og Guðrúnar  
Guðmundsdóttur  
Frá Flugmálastjórn Íslands (Flugturninn í Vm.)

Úr fórum Ragnars Sigurjónssonar  
Frá Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja  
Frá Samkomuhúsi Vestmannaeyja  
Frá Sunddeild ÍBV  
Úr fórum Arnar Einarssonar frá Brekku

**Millisafnalán:** Þjóðskjalasafn Íslands fékk lánaðar útsvarsbækur úr Vestmannaeyjum, 1938, 39, 41 og 46.

**Námskeið:** Í október og nóvember sótti skjalavörður í fjórða sinn námskeiðið Húsin í götunni hjá Visku. Mikið magn upplýsinga hefur nú verið tekið saman og komið skjalaverði að góðum notum í starfi hans.

**Norræni skjaladagurinn:** Laugardaginn 11. nóvember var Norræni skjaladagurinn (Arkivernes Dag) haldinn hátíðlegur. Að þessu sinni var þema dagsins “samgöngumál á Íslandi” í sem víðasta skilningi orðsins. Safnið tók þátt í Nótt safnanna sem haldin var þennan laugardag og setti upp sýningu í flugstöðinni í Vestmannaeyjum í samvinnu við Ljósmyndasafn Vestmannaeyja, Byggðasafn Vestmannaeyja og starfsmenn Flugmálastjórnar í Eyjum í tilefni af því að 60 ár voru liðin frá því flugvöllurinn var tekinn í notkun og áætlunarflug hófst til Eyja. Flugmálastjórn hélt veglega upp á daginn og síðan var sýningin opin til áramóta.

Vestmannaeyjum í október 2007  
Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður